

Minnisblað

Til: Samgöngunefndar Alþingis

Frá: Siglingastofnun *A. S.*

Dags: 05.10.2007

Varðar: Frumvarp til fjárlaga 2008. Tímabundin frestun 200 m.kr. framlags til hafnarmannvirkja

Á fundi samgöngunefndar Alþingis þann 2. nóvember 2007 með Siglingastofnun o.fl var gerð grein fyrir því að 200 m.kr. vantar upp á fjárlagaliðinn 10-336-6.70 Hafnarmannvirki þannig að hann verði í samræmi við þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007 – 2010. Í ljósi þess að dregist hefur að setja af stað nokkrar hafnarframkvæmdir sem eru á áætlun í ár, tóku stjórnvöld þá ákvörðun við gerð fjárlagafrumvarps 2008 að leggja til tímabundna frestun að upphæð 200 m.kr. Siglingastofnun gengur út frá því að þessir fjármunir muni koma inn að nýju og verðbættir árið 2009 enda hafa engin verkefni verið felld út af samgönguáætlun.

Ástæða þess að dregist hefur að setja verkefni að stað er í flestum tilvikum bág fjárhagsstaða viðkomandi hafnarsjóða og mikil þensla á verktakamarkaði sem í sumum tilvikum hefur leitt til þess að engin tilboð hafa borist í verkefni og í öðrum tilvikum hafa komið mjög há tilboð og því ákveðið að hafna þeim öllum og fresta viðkomandi verkefni. Liður í ákvörðun ríkisstjórnar um mótvægisáðgerðir vegna samdráttar þorskveiðiheimilda var að fresta skyldi gildistöku ákvæða hafnalaga um skerðingu á styrkjum til hafnarframkvæmda um tvö ár eða til 1. janúar 2011. Hafnir sem verða fyrir tekjusamdrætti og eru með verkefni inni á gildandi samgönguáætlun eiga því möguleika á að fresta framkvæmdum sem voru á áætlun árin 2007 eða 2008 til árunna 2009 og 2010 án þess að missa af þeim betri styrkjum sem eldra kerfið fól í sér.

Framkvæmdir sem áttu að hefjast árið 2007 en fyrirséð er að færist að hluta aftur til 2009 eru m.a. eftirtaldar:

Patreksfjörður – Endurbygging stálþils

Ísafjörður – Mávagarður, stálþilsbryggja

Skagaströnd – Rif og endurbygging Ásgarðs og dýpkun

Hafnasamlaga Norðurlands – Ísbryggja við ÚA og lenging Oddeyrarbryggju

Hornafjörður – Bryggja Álaugarey

Að auki má gera ráð fyrir að endurbygging stálþilsbryggju við Suðurgarð á Húsavík, sem áætluð er á árinu 2008, færist að miklu leyti aftur til 2009. Samanlagður ríkishluti í ofangreindum verkefnum nemur rúmlega 200 m.kr.